

Nr. 4.
17.
apríl

Auglýsing

um

bólusótt í Lomma í Svíþjóð og Bretagne og um bann gegn innflutningi á
[ýmsum] hlutum þaðan til Íslands o. fl.

Þaræð bólusótt gengur í Lomma í Svíþjóð og í Bretagne, er hjermeð ákveðið, að fyrirmælum laga 17. des. 1875 um mótværnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt flytjist til Íslands, skuli fylgt að því er snertir skip, er til Íslands koma frá höfnum í Svíþjóð milli Málmeyjar og Landskrónu og frá höfnum í Frakklandi milli Nantes og St. Malo, að höfnum þessum meðtöldum. Ennfremur er bannað samkvæmt lögum 24. okt. 1879 3. gr. að flytja með þessum skipum til Íslands brúkað lín, fót og sængurfatnað, nema þessir munir sjeu ferðafatnaður, dulur, brúkað vatt, hnökraull, afklippur af pappir, hár og húðir.

Hinsvegar skal felld úr gildi auglýsing frá stjórnarráði Íslands 17. desbr. 1885 að því leyti sem hún snertir skip, er til Íslands koma frá Tunis.

Ákvæðum laga 17. des. 1875 verður hjereptir beitt að því er þessa staði snertir:

hafnir í Svíþjóð milli Málmeyjar og Landskrónu,
hafnir í Frakklandi milli Nantes og St. Malo, að þeim meðtöldum,
allar hafnir í Austurríki og Ungarn,
allar Egiptalands hafnir,
allar ítalskar hafnir og
Malta.

Fyrir alla þessa staði, að undanskildum Egiptalands höfnum, gildir og innflutningsbann samkvæmt lögum 24. okt. 1879, 3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist öllum þeim til leiðbeiningar er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 17. apríl 1888.

J. Nellemann.

A. Dybdal.

Bekjendtgjørelse

om

Nr. 4.
17de
April.

Kopper i Lomma i Sverig og i Bretagne samt om Forbud mod Indførsel af forskjellige Gjenstande derfra til Island m. m.

Da der herfter Kopper i Lomma i Sverig og i Breteagne, bestemmes herved, at de i Lov om Foranstaltninger til at forhindre Børnekoppers og den asiatiske Koleras Indbringelse til Island af 17de December 1875 foreffrevne Forholdsregler ville være at iagttage med Hensyn til alle Skibe, der ankomme til Island fra Havne paa Sverigs Kyst mellem Malmö og Landskrona, og fra Havne paa den franske Kyst mellem Nantes og St. Malo, begge inkl., ligesom ogsaa i Henhold til Lov af 24de Oktober 1879 § 3 al Indførsel ved saadanne Skibe af brugt Linned, brugte Klædningsstykker, brugte Sengklæder, for saa vidt de nævnte Gjenstande ikke høre til Personers Rejsegods, Klude, brugt Bat, Kradsuld, Papirsaaffald, Haar og Huder forbydes.

Derimod ophæves Ministeriet for Islands Bekjendtgjørelse af 17de December 1885, for saa vidt de nævnte Forholdsregler og Indførselsforbud ved samme ere gjorte anvendelige paa Skibe, der ankomme til Island fra Tunis.

Bestemmelserne i Lov 17de December 1875 ere herefter i Virksomhed overfor følgende Steder:

Havne paa Sverigs Kyst mellem Malmö og Landskrona,
Havne paa den franske Kyst mellem Nantes og St. Malo, begge inkl.,
samtlige østerrigsk-ungarske Havne,
samtlige ægyptiske Havne,
samtlige italienske Havne og
Malta.

Overfor samtlige de nævnte Steder med Undtagelse af ægyptiske Havne bestaar derhos Indførselsforbud i Henhold til Lov af 24de Oktober 1879 § 3.

Denne Bekjendtgjørelse træder strax i Kraft.

Spillet herved bekjendtgjøres til Efterretning for alle Vedkommende.

Ministeriet for Island, den 17de April 1888.

J. Nellesmann.

A. Dybdal.

Nr. 2.

10.
febr.

Jafnskjótt og efni sjóðsins leyfa að framkvæmdarstjóri og fjehirðir fái nokkra þóknun fyrir starfa sinn, skulu þeir setja hæfilegt veð, eptir því, sem þá verður ákveðið með lögum.

13. gr.

14. gr.

Stjórn Söfnunarsjóðsins er ávallt skyld til að gefa landshöfðingja allar þær upplýsingar um sjóðinn, er honum kann að þykja ástæða til að heimta. Landshöfðingi getur og, hve nær sem er, látið rannsaka allan hag sjóðsins.

15. gr.

Stjórn Söfnunarsjóðsins skal sjá um, að bækur hans sjeu svo færðar, að ætíð megi sjá ástand hans, hverjar skuldbindingar á honum hvíla, og hvernig fje hans er tryggt. Af öllum þeim bókum og skjölum, er sjóðurinn eigi má án vera, skulu vera til eptirrit, er geymast á öðrum stað, en frumritin. Starf-ár sjóðsins er almanaksárið.

16. gr.

Í desembermánuði ár hvert skal stjórn sjóðsins boða til fundar til að velja endurskoðara fyrir hið komandi ár; á fundi þessum hefur hver handhafi viðskiptabókar við Söfnunarsjóðinn, sem er fulltíða, atkvæðisrjett. Endurskoðari rannsaki reikning Söfnunarsjóðsins í hverju einstöku atriði, og beri hann saman við bækur sjóðsins og heimaðfjeð. Endurskoðarinn skal að minnsta kosti tvisvar á ári sann-reyna, hvort heimaðfje sjóðsins og eignir sjeu fyrir hendi. og gefa landshöfðingja skýrslu um það í hvert skipti. Landshöfðingi úrskurðar og kvittar hinn endurskoðaða reikning Söfnunarsjóðsins.

17. gr.

Ársreikning skal semja svo snemma, að búið sje að leggja hann fram með eptirriti af öllum nauðsynlegum fylgiskjölum á starfstofu Söfnunarsjóðsins eigi síðar en 31. marz ár hvert; skal hann liggja þar til ársloka, til þess að allir hlutaðeigendur geti skoðað hann, og sjeð, hverjar skuldbindingar hvíla á sjóðnum, og hvernig og með hverri tryggingu fje hans er ávaxtað; einungis þegar sá, sem fje hefur lagt í sjóðinn, hefur beinlínis óskað þess, að óviðkomandi menn verði eigi látnir vita nafn sitt, eða með hverjum skilmálum hann hefur lagt fje í sjóðinn, skal eptir því fara, meðan hann er á lífi. Sá, sem sýnir viðskiptabók við sjóðinn, á rjett á að bera hana saman við hlutaðeigandi dálk í aðalbókinni. Útdrátt af reikningi sjóðsins skal auglýsa í stjórntíðindunum, deildinni B.

18. gr.

Í Söfnunarsjóðinn verður eigi annað fje lagt en það, sem gengið getur inn í aðaldeild hans eða útborgunardeildina eða bústofnsdeildina eða ellistyrksdeildina.

- a. Aðaldeild Söfnunarsjóðsins tekur á móti fje með þeim skilmálum, að höfuðstóllinn verði aldrei útborgaður, heldur geti að eins skipt um vaxtaeigendur samkvæmt því, sem upphaflega er ákveðið, sem og að árlega megi leggja eitthvað af vöxtunum við höfuðstólinn.